

365. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 19. mars 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**


Júníana Björg Óttarsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**


- 1) **Stöðugildi á Jaðri.**  
Sigrún Erla Sveinsdóttir, forstöðumaður, mætti á fundinn og var hún boðin velkomin. Fór hún yfir ástæður beiðni sinnar um aukinn fjölda stöðugilda á Jaðri.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu á árinu 2026 allt að kr. 8 milljónir til að auka stöðugildi næturvaktar á Jaðri, þannig að frá og með 1. maí séu alltaf tveir starfsmenn á næturvakt frá miðnætti til kl. 4 á nóttunni.  
Var Sigrúnu nú þökkuð koman og vék hún af fundi.
- 2) **Húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2026.**  
Bæjarráð samþykkti framlagða húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar samhljóða.
- 3) **Bréf frá Snæfellsjökulþjóðgarði, dags. 17. mars 2026, varðandi opinn hádegisfund um menningararf Öndverðarness þann 24. mars n.k. frá 12-13**  
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Umsókn um kattahald. Sigrún Ósk Jónsdóttir sækir um leyfi til að halda köttinn Tómas Mána.**  
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 5) **Bréf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 12. mars 2026, varðandi skólaakstur á haustönn.**  
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Bréf frá Hollvinasamtökum HVE, dags. 16. mars 2026, varðandi söfnun fyrir hjartasíríta og augnlampa fyrir HVE.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að setja í söfnuna kr. 300.000.-
- 7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 3. mars 2026, varðandi afskriftir. Sjá trúnaðarmálabók.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagðar afskriftir.
- 8) **Minnispunktur bærarstjóra.**
  - a) Bærarstjóri sagði frá fundi sem hann og forstöðumaður Jaðars munu eiga á morgun með arkitekti varðandi mögulega stækkun Jaðars.
  - b) Bærarstjóri sagði frá verðkönnun vegna niðurrifs á Átthagastofunni.
  - c) Bærarstjóri sagði frá því að komin er umsókn um að vera með rekstur í Pakkhúsinu.
  - d) Bærarstjóri sagði frá fundi um raforkumál með Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:17

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Björn H Hilmarsson

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari